

Fimmtudaginn 27. október 1994.

Nr. 403/1994.

**Ákærvaldið**

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)  
gegn

**Sigurði Hólm Sigurðssyni**

(Sigmundur Hannesson hrl.)

Þjófnaður. Tilraun. Vanaafbrotamaður.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson og Markús Sigurbjörnsson og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari skaut þessu máli til Hæstaréttar með stefnu 15. september 1994 í samræmi við yfirlýsingu ákærða um áfrýjun til endurskoðunar á viðurlögum.

Af hálfu ákærvalds er héraðsdómi einnig áfrýjað til þyngingar á refsingu ákærða og greiðslu saksóknarkostnaðar í héraði.

Þegar litið er til þeirra atriða, sem er getið í hinum áfrýjaða dómi um ákvörðun refsingar, og umfangs brots ákærða svo og ákvæða 71. gr., 72. gr., 77. gr. og 255. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í 15 mánuði. Ákærði hefur sætt gæsluvarðhaldi vegna þessa máls samfleytt frá 27. júlí 1994, og kemur það að fullu til frádráttar dæmdri refsingu, sbr. 76. gr. almennra hegningarlaga.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta ákvæði hans um saksóknarlaun í héraði svo og sakarkostnað að öðru leyti. Ber að dæma ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, svo sem í dómsorði greinir.

**D ó m s o r ð:**

Ákærði, Sigurður Hólm Sigurðsson, sæti fangelsi í 15 mánuði. Gæsluvarðhaldsvist hans frá 27. júlí 1994 komi til frádráttar þeirri refsingu.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað skulu órösk-uð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með

talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Sigmundar Hannessonar hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

### **Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 9. sept. 1994.**

Ár 1994, föstudaginn 9. september, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Péttri Guðgeirssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 570/1994: Ákærvaldið gegn Sigurði Hólmi Sigurðssyni, sem tekið var til dóms samdægurs.

Málið var höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 31. ágúst sl., á hendur X [...] og ákærða, en með heimild í 24. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991 og að ósk ákærða var málið skilið í sundur. Eru ákærða, Sigurði Hólmi Sigurðssyni, heimilislausum manni og gæslufanga, kt. 010563-283, gefin að sök eftirtalin þjófnaðarbrot í Reykjavík í júlí 1994:

I. Að hafa í félagi við nefndan X þriðjudagskvöldið 26. júlí brotist inn í íbúðarhúsið nr. 8 í Brekkubæ og stolið 6 armbandsúrur, 4 gullhringum, 1 silfurhring, 2 byssum og 2 rauðvínsflöskum.

II. Að hafa síðar um nóttina reynt að brjótast inn í íbúð á Kárástíg 4, en horfið af vettvangi, þegar hann heyrði hundgá í íbúðinni.

III. Að hafa þessa sömu nótt reynt árangurslaust að stela kvenveski úr eldhússglugga í íbúð í húsinu nr. 3 við Bjarnarstíg, en komið var að ákærða á vettvangi.

Er þetta í ákæru talið varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en jafnframt við 20. gr. sömu laga, að því er varðar liði II og III.

Ákærvaldið krefst þess, að ákærði verði dæmdur til refsingar. Jafnframt krefst Auður Auðbergsdóttir, kt. 190247-279, 7.500 króna í skaðabætur ásamt vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga frá 26. júlí 1994 til greiðsludags.

#### *Málavextir.*

Ákærði hefur skýlaust játað allt það atferli, sem hann er saksóttur fyrir. Hefur hann orðið sekur um brot þau, sem greinin í ákæru og réttilega eru þar færð til refsíákvæða.

Ákærði á að baki sér langan feril afbrota. Frá árinu 1979 hefur hann hlotið 26 refsíðoma. Hefur honum verið gerð rúmlega 10½ árs refsivist í þessum dómum. Þá hefur hann gengist 6 sinnum undir dómsáttir, ýmist fyrir ölvun, fíknilaga- eða umferðarlagabrot. Ákærði framdi brot sín innan sólarhrings, frá því að hann var látinn laus eftir langa fangavist. Er bersýnilegt, að hann lætur ekki skipast við þær hegningar, sem honum hafa verið gerðar til þessa. Þykir refsing hans með hliðsjón af þessu öllu vera hæfilega ákveðin

fangelsi í 2 ár. Frá refsingunni ber að draga 45 daga gæsluvarðhaldsvist ákærða.

Ákærði og X eiga óskipta aðild að bótahlið málsins, og er ekki unnt að dæma um bótakröfuna, eins og málið liggur nú fyrir, sbr. 2. mgr. 18. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991. Ber að vísa kröfunni frá dómi.

Ákærvaldið hefur krafist þess, að saksóknarlaun verði dæmd í málinu. Mál þetta var dæmt sem játningarmál samkvæmt 125. gr. laganna um meðferð opinberra mála nr. 19/1991 og hlaut ekki aðalmeðferð með vitnaleiðslum og sókn og vörn samkvæmt 129. gr. laganna. Í 1. mgr. 168. gr. laganna segir, að „þegar mál“ sé „sótt“ af handhöfum ákærvalds og ákærða jafnframt gert að greiða sakarkostnað í því, skuli honum gert að greiða málsóknarlaun að tiltekinni fjárhæð, sem renni í ríkissjóð. Þegar þess er gætt, að ákærvaldinu ber ávallt að sækja þing í refsímáli, sbr. t. d. 1. mgr. 123. gr. oml., verður þetta orðalag 1. mgr. 168. gr. þeirra laga ekki skilið öðruvísi en svo, að málsóknarlaun beri því aðeins að dæma í héraði, að mál sæti aðalmeðferð. Ber samkvæmt þessu að synja kröfu ákærvaldsins um saksóknarlaun.

Dæma ber ákærða til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með talin réttargæslu- og málsvarnarlaun verjanda síns, Sigmundar Hannessonar hæstaréttarlögmanns, 45.000 krónur. Annan kostnað leiddi ekki af máli þessu.

#### D ó m s o r ð:

Ákærði, Sigurður Hólm Sigurðsson, sæti fangelsi í 2 ár. Frá refsingunni dregst 45 daga gæsluvarðhaldsvist ákærða.

Ákærði greiði verjanda sínum, Sigmundi Hannessyni hæstaréttarlögmanni, 45.000 krónur í réttargæslu- og málsvarnarlaun. Annan sakarkostnað leiddi ekki af máli þessu.